

## BRÁÐABIRGÐALÖG

85

30. sept.

um framlengingu á samningum á milli læknafélaga og sjúkrasamlaga.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð oss, að allir samningar milli læknafélaga og sjúkrasamlaga falli úr gildi frá og með 1. október n. k. Afleiðing þess verði sú, að sjúklingar verði að greiða að fullu þá þjónustu, sem lækna veita utan sjúkrahúsa. Hér við bætist og það, að jafnframt verði að gera ráð fyrir, að greiðslur til lækna hækki yfirleitt mjög mikið, eða um og yfir 100%. Af þessu muni hljóta vandræðaástand fyrir allan almenning, sem koma verði í veg fyrir án tafar. Það beri því nauðsyn til þess að afstýra þessu vandræðaástandi með því að gefa út bráðabirgðalög nú þegar, sem mæli svo fyrir, að samningar þeir um læknaþjónustu, sem nú gilda milli læknafélaga og sjúkrasamlaga, skuli gilda enn um sinn til n. k. áramóta, ef ekki takast nýir samningar milli þessara aðila innan þess tíma, þó svo, að þóknun og endurgreiðsla kostnaðar til lækna skuli frá 1. júlí 1961 hækka um 13%.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

## 1. gr.

Samningar þeir á milli læknafélaga annars vegar og sjúkrasamlaga eða Trygg-ingastofnunar ríkisins f. h. sjúkrasamlaga hins vegar, um þjónustu lækna við meðlimi sjúkrasamlaganna skulu gilda enn um sinn, þar til nýir samningar hafa verið gerðir á milli þessara aðila, þó eigi lengur en til 31. desember n. k., og þá með þeirri breytingu, að þóknun til lækna svo og allar greiðslur vegna kostnaðar við starf þeirra, sem sjúkrasamlögunum ber að greiða samkvæmt gildandi samningum, skuli frá 1. júlí 1961 hækka um 13%.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. september 1961.*

Bjarni Benediktsson.

Friðjón Skarphéðinsson.

Jónatan Hallvarðsson.

(L. S.)

---

Emil Jónsson.